

Skólaslit 2013.

Ræða skólameistara.

Heiðraða samkoma. Við hefjum þessa athöfn að venju á því að rísa úr sætum og syngja skólasönginn, texta Einars Benediktssonar **Til fánans** við lag Björgvins Guðmundssonar. Undirleikari er Aðalbjörg Bragadóttir, kennari við skólann.

Skólasöngurinn - Til fánans.

Ágætu verðandi nýstúdentar, fjölskyldur þeirra, starfsmenn, júbilantar og aðrir gestir.

Annasömu, skemmtilegu og árangursríku skólaári er að ljúka. Annáll skólaársins verður fluttur á eftir þannig að ég mun ekki tíunda einstaka viðburði utan þess að minnst á heildarúttekt sem ML gekk undir af hendi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins nú á vormánuðum. Skv. reglugerð skal gera úttekt á starfsemi framhaldsskóla reglulega og hafa 2-3 framhaldsskólar ár hvert gengist undir slíkt. Á árlegum haustfundi okkar stjórnenda með starfsmönnum ráðuneytisins hvatti ég til þess að “ML færi nú að komast í úttekt”, ef svo má orða, því í mínum huga var komið að þeim tímapunkti að fá staðfestu á því sem verið væri að gera vel og ábendingar um það sem betur mætti fara. Það varð úr, heildarúttekt fór fram á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum um framhaldsskóla, reglugerðum og aðalnámskrá framhaldsskóla. Í úttektinni var m.a. lögð áhersla á stjórnun og rekstur, skólanámskrá, nám og kennslu, innra mat, skólabrag og samskipti, samstarf við foreldra, sérþarfir nemenda og heimasíðu skólans. Ráðgjafafyrirtækið Attentus ehf. sá um úttektina fyrir hönd ráðuneytisins. Hinir ýmsu rýnihópar voru myndaðir eftir forskrift ráðgjafafyrirtækisins, rýnihópur nemenda, rýnihópur starfsmanna, samtöl og vinna með stjórnendum, samtöl við foreldraráðið og svo fundur með skólanefnd. Auk þess var mikil samantekt á gögnum og skýrslum sem stjórnendur hafa unnið í gegnum tíðina s.s. ársskýrslum skólans og rekstrarskýrslum en einnig skýrslum eftirlitsaðila sem tengjast brunavörnum, öryggismálum, vinnuvernd og heilbrigði. Þegar úttektarskýrslan liggur endanlega fyrir verður hún birt á heimasíðu ráðuneytisins og á heimasíðu skólans. Drög að skýrslunni hafa verið send til yfirlestrar og er ljóst að í langflestu tilliti fáum við mjög jákvæða umfjöllun en einnig nokkrar uppbyggilegar ábendingar. Þar er reyndar fyrst og fremst fjallað um það að við erum ekki langt komin í innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga hvað varðar formlegt innra skipulag námsbrauta og áfanga út frá þrepum og hæfnismarkmiðum. Okkur var það fullljóst að

skammt væri á veg komið í því, vinnan hingað til hefur farið í endurskoðun á uppbyggingu og hlutverki námsins, kennsluáferða og námsmats, - nauðsynleg forvinna sem hefur skilað okkur vel fram á veginn. Framhaldsskólar skulu hafa innleitt ný lög að fullu haustið 2015.

Ég get ekki látið hjá líða að minnst á afmælishátíðina okkar 12. apríl s.l. er við, nemendur og starfsmenn fyrr og síðar, héldum upp á það að 60 ár voru liðin frá stofnun Menntaskólans að Laugarvatni. Á 50 ára afmælishátíðinni voru formlegheitin uppi við en nú skyldi nemandinn og hans störf vera í forgrunni. Nemendur voru gestgjafarnir fyrst og fremst, þeir undirbjuggu afmælishátíðina með starfsfólki skólans. Ég verð ég að segja að það var afar stoltur og já, hrærður, maður sem gekk til hvílu að kvöldi afmælisdagsins. Þegar samtakamáttur ræður ríkjum og jákvæðni er í sinni, þá gengur vel. Nemendur skólans eiga heiður skilið fyrir það hvað afmælisdagurinn okkar heppnaðist vel. Frekar verður komið inn á 60 ára stofnafmælishátíð skólans í annálnum.

Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun eru grunnþættir nýrrar aðalnámskrár framhaldsskóla. Við flöggum Grænfánanum sem er tákn þess að skólinn uppfyllir kröfur Landverndar um að vera sjálfbær skóli. Grænfánaverkefnið er eilífðarverkefni og vinnum við að því að styrkja og efla skólann, nemendur hans og starfsmenn, enn frekar til sjálfbærni. Jóna Björk Jónsdóttir náttúruvísindakennari er verkefnisstjóri. Skólinn hefur flaggað Grænfánanum s.l. tvö ár og fór í úttekt Landverndar um daginn á verkefninu eins og gera skal á tveggja ára fresti. Og fáninn mun vera áfram að húni á stöng við aðalbyggingu skólans. Eins er ML Heilsueflandi framhaldsskóli, flaggar fána því til staðfestu, verkefni sem Lýðheilsustöð setti á laggirnar og stýrir, hvar horft er til þáttanna næring, hreyfing, geðrækt og lífsstíll. Næring var í forgrunni í fyrravetur, í vetur var það hreyfingin, næst verður það geðræktin og loks verður heildstætt litið yfir sviðið og unnið með lífsstíl. Sérhvern þátt verkefnisins er unnið með til framtíðar þó hver þeirra sé áhersluatriði einn vetur. Verkefnisstjóri er Gríma Guðmundsdóttir, náms- og starfsráðgjafi og frönskukennari. Við hlutum silfurviðurkenningu þegar næringin var viðfangsefnið (ölsölusjoppa takmarkaði okkur þar – fyrirgefiði gömlu ölsöluáðdáendum) og gullið verður vonandi og væntanlega að raunveruleika vegna hreyfingarinnar. Aðrir grunnþættir nýrrar aðalnámskrár þ.e. læsi, lýðræði og mannréttindi og jafnrétti og sköpun hafa ætíð verið mikilsverðir þættir í starfsemi Menntaskólans að Laugarvatni fyrr og síðar og verða áfram.

Að byggja upp og bæta húsnæði skólans og aðbúnað nemenda og starfsmanna eru verkefni sem mér eru mjög hugleikin og ánægjuleg. Á þeim vettvangi hefur skólinn notið mikils velvilja og skilnings stjórnvalda og starfsmanna ráðuneyta og ber að þakka það. Eins og ekki síður má nefna hér tvo einstaklinga sem sannarlega eru betri en engir þegar kemur að framkvæmdum en það eru þeir Þráinn Þorvaldsson, eftirlitsmaður hjá menntamálaráðuneytinu, og Tómas Tryggvason, trésmíðameistari, en fyrirtæki hans hér á Laugarvatni, TT-trésmíði, hefur komið að, með einum eða öðrum hætti, miklum hluta þeirra endurbóta og framkvæmda sem unnar hafa verið á húsnæði skólans síðustu áratugin. Frá vori 2012 til dagsins í dag höfum við haldið að okkur höndum, verið er að safna í sjóð til stórframkvæmda. Framundan er þó ein smáframkvæmd, flutningur ljósritunaraðstöðu á svonefndum kennaragangi, sem er gamla heimavistin í skólabyggingunni, í annað og stærra rými þar. En stærsta framkvæmd næsta vetrar er það stórverkefni að endurbyggja álmu II í Nös með sama hætti og álma I var tekin í gegn á vorönn 2002, með þeim hætti að þar verði eins og tveggja manna herbergi, sérhvert með sér baði, en í dag er álman eins og hún var byggð upphaflega um 1968 tveggja manna herbergi án baðs. Á meðan á fjögurra mánaða framkvæmdatíma stendur þarf að koma allt að 30 nemendum fyrir annarsstaðar, - það verður leyst. Það er mikill lúxus að vera nemandi í ML, hátt þjónustustig, góður matur sem maður þarf ekki að kaupa inn sjálfur, hvað þá elda, og svo er þvegið af manni ! Hótel Mamma hvað !

Ég gæti talað hér lengi um hús gamla Héraðsskólans enda hef ég oft í fyrri skólaslitaræðum komið inn á það mál. Ekki mun ég gera það nú nema á þann veg að þakka öllum þeim, sem að hafa komið, það hvað húsið er glæsilegt í dag. Því hefur verið bjargað, það er friðað að ytra útliti, glæsilegt hús, merkisberi staðarins. Hvaða hlutverk svo sem það fær í framtíðinni er mikilvægt að það hæfi staðsetningu hússins, byggingarstíl þess og sögu - eins og ég hef oft sagt áður í ræðum mínum – og segi einu sinni enn. Helst af öllu óska ég þess að í húsinu verði fjölþætt starfsemi fræðslu, menningar, lista, nýsköpunar og stjórnsýslu og að framtíðarhlutverk og nýting héraðsskólans gamla hafi margfeldisáhrif á nær- og fjarsamfélag í sem víðustum skilningi. Miðvikudaginn síðastliðinn var Héraðsskólinn vettvangur kynningar og undirritunar stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar, hvar sveitungar, fjölmiðlamenn og strákarnir, - eins og Svanhildur Hólm aðstoðarmaður Bjarna Ben. – nefndi þá alltaf við mig, innbyrtu veitingar sem Erla okkar Þorsteins handeraði, hverabakað laugvetnskt rúgbrauð og reyktan silung frá Útey. Laugarvatnsstjórnin hefur hafið störf með laugdælska næringu í kviðnum og laugdælskt nesti í malnum. Ég hef því ekki áhyggjur, þeim mun vegna vel !

Að lokum. Hugmynd er að efla heimasíðu NEMEL, sem hluta af heimasíðu skólans. Upphaflega nefndi ég þá hugmynd að útbúa sérstakt Nemel-herbergi þar sem mætti skanna og skoða myndir, merkja og greina, en sú hugmynd hefur þróast út í það að leggja áherslu á skönnun mynda á gagnvirkan vef fyrir fyrrverandi nemendur og starfsmenn sem og hverja þá sem áhuga hafa á að skoða. Eins þarf að velja úr þeim mikla fjölda stafrænna mynda sem teknar hafa verið við líf og starf í skólanum síðasta rúman áratuginn til að setja inn á vefinn. Myndavélin hennar Bubbu okkar er komin til Reykjavíkur og lítið tekið á pappír nú orðið. Við megum ekki tapa söguþræðinum ! Vænta má að júbílantar næstu ára muni láta fjármagn og tíma af hendi rakna til þessa verkefnis.

Ég mun ávarpa nýstúdentana sérstaklega í lok dagskrár en nú flytur annál skólaársins 2012-2013, aðstoðarskólameistari vor, Páll M. Skúlason.

Halldór Páll Halldórsson skólameistari